143
28. des.

Reglur

fyrir

umsjónarmenn hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

1. gr.

Umsjónarmenn úr flokki nemenda eru þessir: Umsjónarmaður inni við, umsjónarmaður úti við, einn umsjónarmaður í hverjum bekk.

2. gr.

Umsjónarmaður inni við skal vera skólameistara og kennurum þeim, sem umsjón hafa, til aðstoðar og styrkja þá í öllu, sem hann getur. Hann stýrir söng við morgunbænir.

3. gr.

Umsjónarmaður úti við skal sjá um, að nemendur fari út úr bekkjunum í þeim 10 mínútum, sem þeir hafa sjer til hressingar milli kennslustundanna, og sjeu allan þann tíma úti undir beru lopti, ef veður leyfir, og fari síðan hver inn í sinn bekk, þegar hringt er til inngöngu. Hann skal hringja skólabjöllunni í rjettan tíma. Hann skal hafa eptirlit með nemendum, þegar þeir leika sjer, og gæta þess, að enginn skemmi neitt, sem skólinn á, eða fremji aðra óreglu á skólans lóð.

4. gr.

1. *Umsjónarmenn bekkjanna* eiga hver í sínum bekk að sjá um, að nemendur hafi ekki neinn hávaða eða áflog í bekkjunum, nje færi neitt úr lagi eða fremji neina óreglu nje heldur skemmi neitt af skólans munum, hverju nafni sem nefnist, eða hver fyrir öðrum.
2. Þeir skulu gæta þess, að enginn nemandi tyggi tóbak nje reyki í bekkjunum nje annarstaðar í skólahúsunum.
3. Þeir skulu gæta þess, að lokað sje dyrum bekkjanna, þegar um er gengið, og hurðunum aldrei skellt.
4. Þeir skulu gefa gætur að því, hvort nemendur koma á rjettum tíma til morgunbæna og frá morgunverði.
5. Þeir skulu annast um, að krít og njarðarvöttur sjeu ávallt í bekkjunum handa kennurunum, og geyma þetta í kennaraborðinu, þegar ekki er verið að brúka það. Sömuleiðis skulu þeir sjá um, að stundatafla bekkjarins sje upp fest í bekknum. Á hana skal og rita nafn umsjónarmanns og tölu bekkjarsveina.

143 28. des.

5. gr.

Allir skulu umsjónarmenn styrkja hver annan til að viðhalda góðri reglu í skólanum og utan skóla og leggjast allir á eitt með kennurunum í því. Ef umsjónarmenn vanrækja skyldu sína eða hylma yfir óreglu eða ósiðsemi, verður það þeirra ábyrgðarhluti.

Í stjórnarráði Íslands, Reykjavík 28. desbr. 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

144 15. des.

um birting stjórnarvaldaauglýsinga í blaðinu »Reykjavík«.

Árið 1907 skal, nema uppsögn eigi sjer stað, birta í blaðinu »Reykjavík«, er út kemur hjer í bænum, auglýsingar þær, sem ræðir um í opnu brjefi 27. maí 1859 um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í blöðunum í vissum tilfellum, og undanfarið hafa verið birtar í blaðinu »Þjóðólfi«.

Þetta er hjer með kunngert öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í stjórnarráði Íslands, Reykjavík, 15. desember 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

145

Firmnatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903 um verzlunarskrár, firmu- og prókúruumboð, hafa eptirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verzlunarskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Hlutafjelagið Járnsteypugjörð Reykjavíkur rekur í Reykjavík járnsteypugjörð með firmanafninu »Járnsteypugjörð Reykjavíkur«. Dagsetning samþykktar 9. júní 1905. Stjórn: Gísli Finnsson járnsmiður, Jón Brynjólfsson leðursali, Jón Pálsson organisti. Heimild til að rita firmað hafa stjórnendur fjelagsins allir sameiginlega. Prókúra engin. Stærð höfuðstóls 12,000 krónur. Hlutirnir hljóða upp á nafn. Hlutirnir eru greiddir að fullu. Birtingar tll fjelagsmanna skulu birtar í blaði því, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar.